

Nd.

618. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. er samhljóða bráðabirgðalögum frá 26. apríl 1944, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt með leiðréttingu á prentvillu í 5. gr.

Nefndin hefur kynnt sér framkvæmd bráðabirgðalaganna og fengið frá fjármálaráðuneytinu skýrslu um móttekna, rifna og selda skála pr. 31. okt. og reikningsjöfnuð sölunefndarinnar pr. sama dag. Bréf ráðuneytisins er dags. 10. f. m., og hefur afgreiðsla í nefndinni tafizt af vangá.

BREYTINGARTILLAGA

Fyrir „er um getur í 1. gr.“ í 5. gr. komi: er um getur í 3. gr.

Alþingi, 6. des. 1944.

Ásg. Ásgeirsson,
form., frsm.

Jón Pálmason,
fundaskr.

Sigfús Sigurhjärtarson.

Skúli Guðmundsson.